

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
fjr@fjr.is



Reykjavík, 14. janúar 2020

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (byggingastarfsemi, almenningssamgöngur o.fl.).

Hinn 20. desember 2019 birti fjármála- og efnahagsráðuneytið áformum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Meðal áætlaðra málsefna frumvarpsins verður skylda til greiðslu, innheimtu og skila á virðisaukaskatti af fólksflutningaþjónustu sem fyrirtæki eða einstaklingar í atvinnurekstri selja rekstraraðilum almenningssamgangna.

Í áformaskjalinu er efnislega vísað til þess að almenningssamgöngur séu undanþegnar skattskyldusviði virðisaukaskatts og undanþágan hafi í framkvæmd verið talin ná til verktaka sem selja rekstraraðilum almenningssamgangna þjónustu sem nýtt er í slíkum samgöngum.

SAF- Samtök ferðaþjónustunnar hafa allt frá setningu laga nr. 125/2015, sem breyttu lögum um virðisaukaskatt, hvatt til þess að sú breyting yrði gerð sem nú er boðuð. Sú afstaða samtakanna endurspeglast m.a. í umfjöllun í minnisblöðum ráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar (dbnr. [373](#), bls. 7–9, dbnr. [477](#)) og umsögn (dbnr. [587](#)).

SAF telja tilefni til að fagna framangreindum áformum að því leyti sem þau samræmast áherslum samtakanna. Að því leyti ættu áformin að draga úr flækjum í virðisaukaskattsskilum rekstraraðila fólksflutningaþjónustu og jafnframt stuðla að því að samkeppnisstaða þeirra verði sem jöfnust í skattalegu tilliti.

Virðingarfyllt,
f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson